


Af „sjússum“ og blóðflæði

Kynöskur



Bjarni Jónasson

„Ég er komin út af manninum mínum,“ sagði konan við lækinn sinn. „Þegar við stundum kynlíf öskrar hann alveg rosalega í hvert skipti sem hann fær fullnægingu.“

„Það er nú svo sem ekkert athugavert við það í sjálfu sér. Mörgum konum finnst meira að segja æsandi að heyra karlinn öskra,“ sagði lækinn.

„Það þætti mér líka, ef hann væri ekki alltaf að vekja mig með þessum öskrum.“

ekki orða bundist. „Kjötbiti sem er þynnri en blaðsíða í bók, kekkaka sem er jafnstór og baun og matskeið af rjómaís. Kallar þú þetta kvöldmat?“

„Mér þykir það leitt,“ sagði sjúkraliðinn, „en þetta er víst allt og sumt sem ég má færa þér að svo stöddu. Get ég annars gert eitthvað annað fyrir þig?“

„Já þakk,“ sagði Margrét, „mér þætti vænt um að þú sæktir frímerki handa mér svo ég geti lesið með matnum.“

Það sem sjúklingurinn má alls ekki heyra á aðgerðarstofunni

„Flýtum okkur svo við missum ekki af Bráðavaktinni.“

„Þetta hláturgas er meiriháttar. Má ég fá aðeins í viðbót?“

„Hafðu ekki áhyggjur. Ég held að hnífurinn bítu alveg nógu vel.“

„Ég er ekki viss um hvað þetta er, en viltu fyrir alla muni flýta þér að setja það á ís.“

„Vissi lækinn að maðurinn mundi líta svona út eftir aðgerðina?“

„Eldur, eldur, allir út!“

„Hver djö... hér vantar blaðsíðu 47 í kennslubókina.“

„Það er best að varðveita þetta stykki. Við gætum þurft á því að halda við krufninguna.“

Handþvottur

Þegar maður lendir í djúpum, heimspekilegum pælingum veltir maður því fyrir sér hvað skurðlæknar hafa eiginlega verið að bardúsa, sem réttlætir allan þennan handþvott!

Uppörvun

Ef þú ert niðurdreginn og heldur að þú þurfir víagra skaltu hitta fagmann. Ef það dugar ekki geturðu farið til læknis.

Hundrað pund

Lyflæknir og skurðlæknir hittust á götu í London.

Lyflæknirinn: „What did you operate Mr. Jones for?“

Skurðlæknirinn: „A hundred pound.“

Lyflæknirinn: „No, I mean what had he got?“

Skurðlæknirinn: „A hundred pound.“

Enginn veit ...

Þreyttur unglæknir heyrðist tauta fyrir munni sér við enn ein bústaðarskiptin: „Enginn veit hvað átt hefur fyrir en flutt hefur.“

Fljótt, fljótt

Er hröð fæðing ekki óðagot?

Sjúss fyrir háttinn

Læknar eru stundum spurðir út í atriði sem ekki er auðvelt að svara. Stundum þyrfti lækinn að spyrja einhvers á móti.

Sjúklingurinn: „Er ekki í lagi þótt ég fái mér vískí-sjúss fyrir háttinn?“

Læknirinn: „Ég fæ nú ekki séð að það geti skaðað þig neitt að ráði.“

Það sem lækinn vissi ekki var að sjúklingurinn háttaði sig átta sinnum á dag.

Skorið við nögl

Margrét var nývöknud eftir aðgerðina og garnir hennar gauluðu. Sjúkraliðinn kom með kvöldmatinn til hennar á bakka. Margrét leit yfir bakkann og gat

Hætt við aðgerð

Svo var það konan sem ætlaði að fara í aðgerð hjá lýtalækni en hætti við þegar hún sá læknastofuna hans skreytta með myndum eftir Picasso.

Heilræði

Farðu aldrei til læknis sem er með dauðar plöntur á stofunni hjá sér.

Aukið blóðflæði

Læknaneminn var á fullu í andlegum undirbúningi fyrir stefnumótið við draumadísina. Áætluin gekk út á að sækja dömuna og snæða síðan dýrindis kvöldverð á fínun veitingastað. Hvað síðan tæki við átti að ráðast af aðstæðum. Læknaneminn hafði pata af því að tiltekin pillutegund mundi auka blóðflæðið til neðri hluta búksins. Hann var tilbúinn að leggja eitt og annað á sig til þess að kynorkan yrði sem mest þegar á hólminn væri komið. Hann gleypði því töflu og fór svo og hitti dömuna. Stefnumótið endaði hins vegar óvænt þar eð herrann fékk brátt gyllinæðarkast.

Sendið efni í anda læknaskops í **Broshornið**, Læknablaðinu, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi eða í bréfasíma 564 4106 eða á netfang: bjarni.jonasson@gb.hgst.is Getið þess hver sendir, en það sem birtist verður undir dulnefni. Læknablaðið áskilur sér rétt til að lagfæra texta.